



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2015

FRVG1VÖ05

Framkvæmdir og vinnuvernd

Kennari: Óskar G. Jónsson	Sk.st.	ÓGJ
----------------------------------	---------------	------------

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um bygginga- og mannvirkjagerð með áherslu á verkferli og öryggismál. Nemendur læra um undirbúning og upphaf framkvæmda, hlutverk og ábyrgð einstakra fagstétta, skipulag og stjórnun á vinnustað, samstarf og samskipti, áætlanagerð og gæðastýringarkerfi. Kennendur er skyndihjálpar, rétt líkamsbeiting, notkun hlífðarbúnaðar, meðferð hættulegra efna, umgengni við rafmagn og farið yfir notkun hjálpartækja og búnaðar við mismunandi verk. Að lokum er gerð grein fyrir námsleiðum í bygginga- og mannvirkjagreinum á framhalds- og háskólastigi. Kennsla fer aðallega fram með fyrirlestrum og verkefnavinnu en í skyndihjálpar er jafnframt lögð áhersla á sýnikennslu og verklegar æfingar.

Undanfari:

Þekkingarviðmið:

Þekkingarviðmið áfangans er að nemendur hafi aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- hefðbundnu byggingarferli frá hugmynd til lokaúttektar
- grundvallaratriðum laga og reglugerða um skipulags- og byggingamál
- hlutverki og ábyrgð eiganda mannvirkis
- hlutverki, starfssviði og ábyrgð byggingarfulltrúa og leyfisveitanda
- hlutverki hönnuða, byggingarstjóra og iðnmeistara
- öryggismálum á vinnustað
- aðbúnaðai, hollustuháttum og vinnuvernd
- orsökum og afleiðingum algengra vinnuslysa
- skyndihjálpar
- grunnatriðum gæðastjórnunar og verkskipulags

Leikniviðmið:

Leikniviðmið áfangans er að nemendur hafi öðlast leikni í að:

- Skynja stöðu öryggismála á vinnusað
- Nýta sér viðeigandi hlífðarbúnað í starfi
- Nýta sér hjálpartæki svo sem eins og vinnupalla, stiga og öryggislínu.
- Nýta sér byggingarreglugerðina
- Nýta sér vefsíðu Mannvirkjastofnunar
- Nýta sér vefsíðu Vinnueftirlitsins
- Skipuleggja mismunandi verkþætti
- Skipuleggja verkferla

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- takast á við hin fjölbreyttu verkefni er kunna að myndast á vinnustað
- þekkja verkferla við mannvirkjagerð
- koma upp nauðsynlegum öryggisbúnaði á vinnustað
- nýta sér 112
- veita slösuðum eða veikum einstaklingi fyrstu hjálp á vettvangi
- þekkja og kunna að nota byggingareglugerðina
- þekkja og kunna að nota möguleika Vinnueftirlitsins
- skipuleggja mismunandi verkþætti á vinnustað
- þekkja hlutverk og ábyrgð einstakra fagstétta
- átta sig á hinum margvíslegu leiðum til iðnnáms

Námsefni:

Í upphafi annar verður stuðst við göng frá Mannvirkjastofnun og Vinnueftirliti, eins og byggingareglugerð, kynningarefni og fleira sem nemendur geta sótt gegnum netið. Síðar verður gerð grein fyrir námsefni er nemendur þurfa að fjárfesa í varðandi skyndihjálparnámskeið.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Byggingareglugerð	Fimm stutt verkefni sem nemendur þurfa að leysa í kennslutíma, verkefni tengd byggingareglugerðinni	30 %
Öryggismál	Tvö verkefni tengd vinnueftirliti, aðbúnaði og hollustuháttum á vinnustað.	20 %
Skyndihjálp	Skyndihjálparnámskeið	10 %
Þátttaka í tímum	Námsmat byggt á þátttöku nemenda í tímum	10 %
Yfirlit	Próf unnið út frá verkefnum annarinnar	30 %

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar og geta einstaka þættir færst til.

Vika	Kennsluefni	Könnun – verkefni
17-21 ágúst	Kynning á verkefni vetrarins, kynning á okkur, kennara og nemendum. Lagt af stað	
24 – 04 sept.	Farið aðeins yfir húsbyggingar og mannvirki á Íslandi, hvað þarf til að byggja hús, hverjir koma að byggingu mannvirkja, helstu lög og reglugerðir, stjórnvöld skipulags- og byggingarmála. Lagt af stað með byggingareglugerðina.	
07 – 11 sept	Byggingreglugerðin kafli 1 – 2 - 3	
14 – 18 sept	Byggingreglugerðin kafli 3 – 4 - 5	
21 – 25 sept	Byggingreglugerðin kafli 6	
28 – 02 okt.	Byggingareglugerðin kafli 7 – 8-9-10-11-12 upprifjun	
05 – 09 okt.	Byggingareglugerð 13-14-15-16-17 upprifjun	
12 – 16 okt.	Flett yfir skipulagsreglugerð – hugsanlega verður þessi hluti tekinn fyrr og flyst þá verkefnalistinn til sem þessum hluta nemur	
19 til 23 okt.	Aðbúnaður og hollustuhættir á vinnustað	

26 – 30 okt.	Vinnueftirlitið – hlutverk- farið yfir slysatölur – teknir fyrir einstakir öryggisþættir	
02 – 06 nóv.	Farið yfir byggingu verkpalla – vinnupalla-áfram fjallað um öryggismál	
09 til 13 nóv.	Skyndihjálp – grunnnámskeið verður væntanlega tekið í nóvember og getur tekið hluta úr þrem vikum	
16 til 20 nóv.	Farið yfir ráðningasamninga starfsfólks, lög um ráðningu starfsfólks og slysatryggingar. Farið yfir launaútreikninga og launatengd gjöld	
23 til 27 nóv.	Farið yfir grunnatriði gæðastjórnunar, verkskipulag. Farið yfir nokkrar námsleiðir sem nemendur geta farið í að loknu grunnnámi bygginga- og mannvirkjagreina á framhalds- og háskólastigi.	
30 til 04 des	Upprifjun – lok áfangans	